

Þriðjudaginn 14. apríl 1998.

Nr. 149/1998.

Porgeir Jóhannsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Sjávardýri ehf. og**Reykjaneshrygg ehf.**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1998, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Þeir krefjast einnig kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi handa hvorum þeirra, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Porgeir Jóhannsson, greiði hvorum varnaraðila fyrir sig, Sjávardýri ehf. og Reykjaneshrygg ehf., samtals 75.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1998.

I.

Mál þetta er höfðað 2. október 1997 með stefnu, birtri 2. október 1997.

Stefnandi er Þorgeir Jóhannsson, kt. 280752-4879, Engihjalla 17, Kópavogi.

Stefndu eru Sjávardýr ehf., kt. 551193-2419, Gerðhömrum 17, Reykjavík, og Reykjaneshryggur ehf., kt. 640797-2589, Vegmúla 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Sjávardýri ehf. verði gert að greiða skuld, að fjárhæð 375.650 krónur, ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 18. júní 1997 til greiðsludags. Krafist er höfuðstólsfærslu dráttarvaxta skv. 12. gr. sömu laga á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. júní 1998. Í þinghaldi 10. mars sl. féll stefnandi frá áður gerðri málskostnaðarkröfu.

Pá er þess krafist, að stefnda Reykjaneshrygg ehf. verði gert að þola staðfestingu sjóveðsréttar í skipinu Guðmundi Kristni, SU-404, skipaskrárnúmer 1000, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Einnig er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Frávísunarkrafa stefndu var tekin til úrskurðar 10. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi, og er sá þáttur einvörðungu til úrlausnar hér.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að kröfu stefndu um frávísun verði hrundið og honum úrskurðaður málskostnaður að mati dómsins vegna þessa þáttar málsins.

II.

Málavextir.

4. október 1996 varð í skipi stefnda Sjávardýrs ehf., Guðmundi Kristni, SU-404, vélarbilun u. þ. b. tvær sjómílur frá landi við Garðskaga. Stefnandi rekur björgunar- og dráttarbátþjónustu með skipi sínu, Eldingu, skipaskrárnúmer 1047, sem kom Guðmundi Kristni til aðstoðar og dró hann til hafnar.

18. júní 1997 höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda Sjávardýri ehf. til greiðslu björgunar. Í málinu varð útvíst af hálfu stefnda, og var málið dómtekið og dómur upp kveðinn 8. júlí sama ár. Samkvæmt dóminum kemur fram, að ágreiningur hafi verið um björgunarlaun, en stefndi Sjávardýr ehf. hafði haldið því fram, að samkomulag hefði náðst við stefnanda um greiðslu björgunarlauna fyrir fram og fjárhæð þessi átt að vera 200.000 krónur. Stefnandi mótmælti þessu.

Í dóminum segir m. a.: „Stefnandi kveður fjárkröfu sína þríþætta og vera byggða á samkomulagi varðandi þóknun fyrir björgun fiskiskipa. Byggist krafan í fyrsta lagi á grunnjaldi, í öðru lagi á tonnagjaldi, sem miðist við brúttólestir þess skips, sem bjargað sé, og í þriðja lagi tímagjaldi, sem sé tvíþætt, annars vegar vegna klukkustunda í lausakeyrlu og hins vegar vegna klukkustunda með skip í togi. Tonnagjald og tímagjald fylgi verðbreytingum í samræmi við lánskjaravísitölu.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

1.	Grunnjald	kr.	895.175
2.	Tonnagjald 229 × 1.444 kr.	–	330.676
3. a.	Tímagjald í lausakeyrlu, 4,92 klst. × 28.466 kr.	–	140.053
b.	Tímagjald með skip í togi, 3,92 klst. × 42.699 kr.	–	167.380
			<hr/>
		Samtals	kr. 1.533.284“

Í dómsorði segir:

„Stefndi Sjávardýr ehf. greiði stefnanda, Þorgeiri Jóhannssyni, 1.533.284 kr. með dráttarvöxtum frá 18. júní 1997 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur í vb. Guðmundi Kristni, SU-404, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.“

25. júlí 1997 seldi stefndi Sjávardýr ehf. skipið Guðmund Kristin stefnda Reykjaneshrygg ehf.

Stefnandi reisir kröfur sínar í því máli, sem hér er til úrlausnar, á því, að hann sé virðisaukaskattsskyldur aðili við rekstur björgunarskipsins Eldingar og beri því að standa skil á þeim skatti af björgunarlaunum. Telur hann, að stefnda Sjávardýri ehf. beri samkvæmt VIII. kafla siglingalaga nr. 34/1985 að greiða björgunarlaun að viðbættu álagi, er nemi virðisaukaskatti. Af hálfu stefnanda hafi þess í upphafi ekki verið krafist sérstaklega, að dæmt yrði álag, er næmi virðisaukaskattinum á þá fjárhæð, sem um var krafið. Því hafi ekki verið tekið tillit til þess í hinum upp kveðna dómi. Stefnanda beri því nauðsyn til að fá skatt þennan dæmdan úr hendi stefnda Sjávardýri ehf. Stefnandi telur, að skylda stefnda til greiðslu umrædds virðisaukaskatts í samræmi við stefnukröfu málsins sé ótvíræð, enda sé ekki gert ráð fyrir því, að virðisaukaskattur sé innifalinn í þeirri fjárhæð björgunarinnar, sem til viðmiðunar er samkvæmt samkomulagi Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga um björgunarlaun.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu styðja kröfu sína um frávísun frá dómi þeirri staðreynd, að dóm-

ur hafi þegar verið lagður á það mál, sem hér er til meðferðar. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. júlí sl. í héraðsdómsmálinu nr. 3019/1997: Þorgeir Jóhannsson gegn Sjávardýri ehf., hafi verið kveðið á um fjárhæð björgunarlauna til handa stefnanda vegna þeirrar aðstoðar, er hann veitti Guðmundi Kristni, SU-404, 4. október 1996. Fjárhæð björgunarlauna hafi verið ákvörðuð í samræmi við dómkröfur stefnanda, og sé dómurinn bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila svo og um þær kröfur, sem dæmdar eru þar að efni til, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/1991.

Í 2. mgr. 116. gr. laga nr. 90/1991 komi skýrt fram, að krafa, sem hefur verið dæmd að efni til, verður ekki borin að nýju undir sama eða hliðsettan dómstól. Nýju máli um slíka kröfu ber að vísa frá dómi. Stefndu telja, að hér sé verið að bera að nýju undir sama dómstól kröfu, er lúti að sama ágreiningsmáli að efni til, þ. e. fjárhæð björgunarlauna vegna atviksins 4. október 1996.

Stefnandi verði að bera hallann af því, ef honum hafi láðst að setja kröfur sínar fram með þeim hætti, sem hann ætlaði, eða gleymt að taka tillit til atriða, sem honum hafi verið í lófa lagið að gera, þegar í upphafi.

Ákvörðun björgunarlauna vegna þessa máls hafi því þegar verið ráðið til lykta. Stefnandi hafi með höndum virðisaukaskattsskyldan rekstur, og verði að líta svo á, að virðisaukaskattur sé innifalinn í þeirri fjárhæð, sem dæmd hefur verið.

Samkvæmt framansögðu telja stefndu, að vísa beri málinu frá dómi með skírskotun til 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 90/1991.

III.

Forsendur og niðurstæða.

Stefnandi rekur björgunar- og dráttarbátinn Eldingu, svo sem rakið hefur verið hér að framan. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 8. júlí 1997, fékk stefnandi dæmda kröfu sína á hendur stefnda Sjávardýri ehf. vegna þóknunar fyrir björgun 4. október 1996 á skipi þess aðila úr sjávarháaska. Í málinu voru dómkröfur stefnanda teknar til greina og stefnanda dæmd björgunarlaun að fullu í samræmi við dómkröfur hans í því máli. Í málinu var ekki höfð uppi krafa um virðisaukaskatt til viðbótar stefnukröfum. Gagnvart stefnda Sjávardýri ehf. telst sú fjárhæð, sem hann var þá dæmdur til að greiða, vera heildarbjörgunarlaun stefnanda vegna verksins. Verður því viðbótarkrafa á hendur stefnda Sjávardýri ehf. vegna þessara lögskipta þeirra ekki sótt í nýju máli. Samkvæmt því ber að vísa máli þessu frá dómi, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi greiði stefndu, Sjávardýri ehf. og Reykjaneshrygg ehf., 100.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

1560

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þorgeir Jóhannsson, greiði stefndu, Sjávardýri ehf. og Reykjaneshrygg ehf., 100.000 krónur í málskostnað.
